

10. bekkur

Á þessu síðasta námsári er kominn tími til að tengja saman þræði fyrri ára til að skapa faglega yfirsýn og samhengi.

Hvað varðar hugsun eru nemendur örvaðir til að taka skref og sjá heildina. Skrefið frá tilfinningabundnu mati yfir í huglægt mat á menningarlegum, trúarlegum, siðferðilegum og náttúrulegum fyrirbærum heimsins krefst þess að nemendur fái tækifæri til að treysta eigin mati. Þeir geti öðlast nýtt vald til að halda fram eigin skoðunum.

Þetta opnar fyrir samtöl um erfið efni og vandamál, til dæmis um siðfræði og samfélag, trú og þekkingu. Í 10. bekk snýst það um hvaða hugmyndir, hvatir og ástæður liggja á bak við margar sögulegar stefnur. Hugmyndafræði t.d. marxisma, frjálshyggju, femínisma og þjóðernishyggju, eru skilgreind út frá tímabili þeirra, hvaða hugsjónum vildi fólk berjast fyrir og hvaða vandamál vildi það leysa. Farið er yfir heimstyrjaldir 20 aldar og afleiðingar þeirra fyrir mannkynið. -Í náttúrugreinum er unnið með flóknari stærðfræði, lífræna efnafræði, varmafræði, mannslíkamann og samspil kerfa hans sem heild, æxlun, erfðir og þroska fóstursins, Sjónarhornið er heildræn sýn á manneskjuna og heiminn.

Listasaga veitir nýja aðkomu að sögu mannkyns og þróun, allt frá hellamálverkinu og skoðar hvernig maðurinn mótar heiminn með hugmyndum sínum og verkum.

Nemendur vinna sjálfstætt lokaverkefni út frá eigin áhugamálum á þessu síðasta námsári. Þau kynna vinnuferlið og verkefnið fyrir hópi foreldra og kennara og fá einkunn fyrir verkefnið. Nemendur fá lokaekinnir í bókstöfum og útskrifast úr grunnskólanum með sama hætti og aðrir nemendur landsins.

Heimilisfræði og fjármálalæsi auk fjölbreyttra handverksgreina í textíl, trésmíði og málmsmíði, gefa færni og stuðning til að leysa verkefni daglegs lífs.

Lokamarkmið námsskrár Waldorfskólans er að nemendur haldi áfram sinni vegferð, frjálsir, virkir og skapandi í hugsun, með hugrekki til framtíðar og kærleika og umburðarlyndi til alls lífs.



